



Aðventumót Ármanns 2021

Þrautabraut fyrir 6-9 ára (1.-4. bekk, fæðingarár 2012-2015), laugardaginn 11. desember í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Gleði og gaman.

1.-4. bekkur

08:40 - 08:59 Mæting, raðað í hópa, fyrirkomulag kynnt

09:00 - 09:59 Fjölþraut með fjölbreyttum viðfangsefnum

10:00 - 10:15 Afhending þátttökuviðurkenninga

Greinar í þrautinni

Fjöldi hópa og stærð þeirra ræðst af þátttakendafjölda. Fjöldi þrauta ræðst jafnframt að hluta af fjölda hópa. Þrautirnar sem lagðar verða fyrir reyna meðal annars á þol, sprengikraft og samhæfingu. Þrautirnar eru sniðnar að aldri og þroska þátttakenda.

Fyrirkomulag

- Hópar fylgjast að í þrautabrautinni u.þ.b. 8-10 í hverjum hóp.
- Hópstjóri skráir niður útkomu úr hverri þraut fyrir sig.
- Greinastjóri í hverri þraut fyrir sig útskýrir fyrirkomulag fyrir hópunum.

Viðurkenning og veitingar

Allir þátttakendur fá jafna þátttökuviðurkenningu. Veitingar verða til sölu meðan á keppni stendur.

Skráning

Skráning á mótið fer fram á slóðinni www.netskraning.is.

Þátttökugjald er 2500 kr pr. þátttakanda til miðnættis þriðjudaginn 7. desember. Eftir kl. 23.59 þriðjudaginn 7. desember og til 23.59 föstudaginn 10. desember er hægt að skrá gegn tvöföldu skráningargjaldi.

Fyrirspurnir sendist á orvar@frjalsar.is